


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ		
Sampykkt: HJS		
Síða 1 af 2		
Teikningar og verklýsingar í húsasmíði		
TEH 103		
Kennsluáætlun vorannar 2011		

Kennari	Halldór Torfi Torfson	Sk.st.	HTT
----------------	-----------------------	---------------	-----

Áfangalýsing:

Í áfanganum læra nemendur grunnatriðin í lestri byggingauppdráttu og fá þjálfun í að teikna verkstæðisunna byggingarhluta með áherslu á glugga, hurðir, innréttingar og tréstiga. Fjallað er um muninn á aðal- og séruppdráttum, mælikvarða þeirra, tilgang og einkenni. Gerð er grein fyrir hönnunarforsendum í byggingarreglugerð, stöðlum, verklýsingum og lögð áhersla á að þjálfna notkun og skilning á hvers konar verkögnum sem tengjast verkstæðisunnum byggingarhlutum úr tré og tréefnum. Mikilvægt er að nemendur þjálfist í gerð rissteikninga við útfærslur deililausna og geri einfalda efnislista og kostnaðarútreikninga á grundvelli verkupplýsinga. Áfanginn er bæði ætlaður húsa- og húsgagnasmiðum og byggist aðallega á verkefnavinnu og útskýringum og umfjöllun kennara eftir því sem þörf er á. Mikilvægt er að nemendur tileinki sér sjálfstæð vinnubrögð við upplýsingaleit og gagnaúrvinnslu.


Áfangamarkmið

Nemandi

- læri um verkstæðisunna byggingarhluta úr tré og helstu útfærslur þeirra
- þekki ákvæði reglugerða um glugga, hurðir, innréttingar og tréstiga
- þekki íslenska staðla um glugga, hurðir, innréttingar og tréstiga
- hafi innsýn í tæknilegar útfærslur vegna álags og einangrunar
- þekki stöðluð mál á gluggum, hurðum, innréttingum og tréstigum
- geti stuðst við Rb-blöð í upplýsingaleit og við gerð teikninga
- geti lesið og unnið með teikningar af verkstæðisunnum byggingarhlutum
- þekki allar gerðir uppdráttu og teikninga og öll almenn teiknitákn
- þekki fagheiti í glugga-, hurða-, innréttinga- og stigateikningum
- geti lesið og skilið merkingar á teikningum og meðfylgjandi verklýsingar
- geti gert einfalda efnislista og kostnaðarútreikninga á grundvelli teikninga
- geti rissað og teiknað einfalda glugga, hurðir, innréttingar og tréstiga
- þekki reglur um blaðstærðir, mælikvarða og teikniáhöld
- þekki teikniáðferðir og teiknireglur fyrir verkstæðisunna byggingarhluta
- geti gert rissmyndir og eftir atvikum notað fjarvídd til að sýna rýmisútfærslur
- geti gert séruppdrætti og sýnt deililausnir með tilheyrandi vikmálum

Efnisatriði/kjarnahugtök

Aðalskipulag, deiliskipulag, hönnunargögn, aðaluppdrættir, séruppdrættir, byggingauppdrættir, innréttingauppdrættir, deiliteikningar, deililausnir, sneiðingar, byggingarreglugerð, íslenskir staðlar, Rb-blöð, verklýsingar, fagheiti, teiknitákn, gluggar, hurðir, innréttingar, innréttingar, skápar, tréstigar, stigahandrið.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ		
Samþykkt: HJS		
Síða 2 af 2		
Teikningar og verklýsingar í húsasmíði TEH 103 Kennsluáætlun vorannar 2011		

Námsefni:

Teiknuð verða þau verkefni sem kennara þykja við hæfi á hverjum tíma.

Vinna verður með svipuðu móti og í TEH 203, þ.e. teiknuð verða verkefni að vali kennara og þau unnin innan ákveðins tíma.

Meiri áhersla verður lögð á verkefnaskil og frágang verkefna. Sjálfstæði nemenda og vinnubrögð verða metin til einkunnar.

Teiknaðir verða gluggar og samsetningar þeirra, grunnmyndir, stigar og formúlur þeim tengdar ásamt verkefnum tengdum smíði sumarhúss VMA.

Gott er að rifja upp aðferðir úr fyrri áföngum

Áætlun um yfirferð:

Vika	Námsefni
2 – 5	Gluggar – Prófílar, smíði og samsetningar
6 – 8	Hurðir – Prófílar, smíði og samtengingar
9 – 11	Innréttingar
12 – 15	Stigar – Snúnir steiptir stigar, reglur og reikningar
17	Frágangur

Athugið: Með vikunúmer er átt við vikur ársins eins og á dagatalinu í INNU.

Námsmat:

Áfanginn er próflaus og gilda verkefni 100% til einkunnar.

Verkefnum skal skila fyrir 1. maí 2011.

Námsefni:

Ljósrit frá kennara og efni annarra fagtingra áfanga

Réttur til breytinga áskilinn

Halldór TT dori@vma.is

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils